



## FJÁRMÁLAEFTIRLIT

4. febrúar 2020  
Tilvísun: 20011572

Númer: 4/2020  
Dreifibréf til lánastofnana

**Efni: Drög að leiðbeinandi tilmælum um innihald einfaldrar endurbótaáætlana**

Fjármálaeftirlitið hefur gefið út umræðuskjal nr. 2/2020 sem inniheldur drög að leiðbeinandi tilmælum um innihald einfaldrar endurbótaáætlana. Um er að ræða ný tilmæli, þar sem fram kemur hvaða lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum verður veitt heimild til að skila einföldum endurbótaáætlunum. Í tilmælunum hafa ákvæði reglugerðar um endurbótaáætlanir lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og samstæður þeirra, nr. 50/2019, jafnframt verið aðlöguð til að skýra hvaða skyldur hvíla á lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum sem fá heimild til að skila einföldum endurbótaáætlunum.

Með dreifibréfi þessu gefur Fjármálaeftirlitið viðtakendum kost á að gera athugasemdir við drögin. Drögin eru birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins: <https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol/>.

Fjármálaeftirlitið óskar eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjal berist eftirlitinu eigi síðar en 17. febrúar nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gert umsagnareyðublað sem fylgir dreifibréfi þessu og finna má á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, sbr. nánari skýringar á forsíðu meðfylgjandi umræðuskjals. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið [fme@fme.is](mailto:fme@fme.is).


SEÐLABANKI ÍSLANDS  
FJÁRMÁLAEFTIRLIT



## FJÁRMÁLAEFTIRLIT

Haldin verður kynning á drögum mánudaginn 10. febrúar nk. Kynningin fer fram í Katrínartúni 2, kl. 11. Áhugasamir aðilar þurfa að skrá sig á kynninguna með því að senda tölvupóst á netfangið [fme@fme.is](mailto:fme@fme.is), með yfirskriftinni: „Kynning á umræðuskjali um einfaldar endurbótaáætlanir“.

Virðingarfyllt,

  
Finnur Sveinbjörnsson

  
Hjálmar Stefán Brynjólfsson

SEÐLABANKI ÍSLANDS  
FJÁRMÁLAEFTIRLIT

Katrínartúni 2 105 Reykjavík  
[www.seðlabanki.is](http://www.seðlabanki.is) ©569 9600 [fme@sedlabanki.is](mailto:fme@sedlabanki.is)